

## Fyrirspurn

til félags- og húsnæðismálaráðherra um bann við mismunun.

Frá Brynhildi Pétursdóttur.

1. Hyggst ráðherra leggja fram frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóð-ernisuppruna og/eða frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði á yfirstandandi þingi líkt og þingmálaskrá ríkisstjórnar kveður á um? Telur ráðherra mikilvægt að frumvörpin nái fram að ganga og verði að lögum sem fyrst?
2. Telur ráðherra að hér á landi skorti heildstæð jafnræðislög sem feli í sér bann við hvers kyns mismunun á öllum sviðum daglegs lífs, sbr. athugasemdir Evrópunefndarinnar gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi (ECRI) í úttekt sem birtist 24. febrúar 2015?

Skriflegt svar óskast.

